

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla

Viðtakandi: Félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sendandi: Viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa

Dagsetning: 24.03.2020

Málsnúmer: FRN20030151

Bréfalykill: 06.40.00

Efni: Stöðuskýrsla viðbragðsteymis um þjónustu við viðkvæma hópa vegna Covid-19

Félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komið á fót viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið er skipað fulltrúum fyrrgreindra aðila ásamt fulltrúa félagsmálastjóra, fræðslustjóra, Reykjavíkurborgar og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og starfar í náinni samvinnu við aðila sem sinna hagsmunagæslu og/eða þjónustu við viðkvæma hópa.

Teymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp getur komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kemur sú staða að ekki sé mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinn hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma.

Teymið fundar a.m.k. vikulega og fær reglulega og eftir þörfum sendar upplýsingar um stöðu á þjónustu við viðkvæma hópa frá öllum sveitarfélögum, stofnunum og öðrum þjónustuaðilum. Auk þess er tekið á mótí ábendingum og fyrirspurnum, er varða velferðarþjónustu á sérstakt netfang vidbragd@fm.is.

Samhliða þessum aðgerðum hefur verið skapað fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra aðgerða vegna áhrifa Covid-19 faraldursins í félagsþjónustu sem og í sértækari þjónustu við viðkvæma hópa.

Bakvarðasveit velferðarþjónustu

Þjónustuaðilar sem sinna mikilvægri þjónustu við viðkvæma hópa eru þegar að takast á við mönnunarvanda vegna COVID-19 veirunnar og ljóst að sú staða gæti versnað á næstu dögum og vikum. Sökum þess var farið að fordæmi heilbrigðisyfirvalda og komið á fót bakvarðasveit velferðarþjónustu fyrir fólk sem er reiðubúið að koma tímabundið til starfa í þjónustu við viðkvæma hópa, hjá ríki, sveitarfélögum eða stofnunum, með skömmum fyrirvara.

Bakvarðasveit velferðarþjónustu fór í loftið 17. mars og þegar eru komnar yfir 740 skráningar. Hópurinn sem hefur skráð sig er fjölbreyttur og samræmist það vel þeim ólíku störfum sem fyrir hendi eru í velferðarþjónustu. Þegar hafa fjögur sveitarfélög og ein stofnun óskað eftir starfsfólki af listanum og hefur listinn reynst vel þegar upp hafa komið mál tengd COVID-19. Í flestum tilvikum hefur verið um að ræða sólarhringsþjónustu á heimilum fatlaðs fólks sem ekki má falla niður en auk þess hefur heimahjúkrun fengið aðgang að listanum í einu sveitarfélagi.

Þó flestir sem hafi skráð sig á bakvarðalistann séu reiðubúnir til starfa þá er nokkuð um að aðstæður fólks hafi breyst þegar ráðningaraðilar hafa samband og tilboði um starf sé hafnað. Enn fremur treysta ekki allir sér í krefjandi aðstæður, s.s. í vinnu á heimili þar sem smitað fólk býr.

Til að flýta fyrir ráðningum þegar upp koma neyðartilvik hefur því verið tekin ákvörðun um að ráða félagsráðgjafa af bakvarðalistanum til þess að hringja í fólk sem hefur skráð sig á listann til að kortleggja hvort einstaklingar séu sannarlega tilbúnir til starfa og eins við hvaða aðstæður.

Staða á landsvísu

Staðan í þjónustu við viðkvæma hópa er á flestum stöðum enn ágæt en fjarvera starfsmanna er meiri en áður, bæði vegna COVID-19 en einnig vegna þess að starfsmenn eru varfærnari og mæta síður til vinnu finni þeir fyrir einhverskonar flensueinkennum.

Viðbragðsteyminu hafa borist ábendingar frá nokkrum sveitarfélögum um að erfitt hafi reynst að fá hlífðarfatnað og að seinlega gangi að fá svör hjá heilbrigðisyfirvöldum við öllum þeim álitafnum sem upp koma í þjónustu við fólk þegar faraldur geisar. Viðbragðsteymið hefur aðstoðað í einhverjum tilvikum og/eða miðlað upplýsingum. Enn fremur hafa Reykjavíkurborg og almannavarnir unnið sérstakar leiðbeiningar vegna COVID-19 fyrir íbúðakjarna og herbergjasambýli sem hafa verið sendar sveitarfélögum og stofnunum.

Mikilvægt er að huga vel að upplýsingaflæði til innflytjenda og hefur viðbragðsteymið meðal annars fengið ábendingar um að þýða þurfi upplýsingar Vinnumálastofunnar um réttindi til bóta á fleiri tungumál.

Stofnanir félagsmálaráðuneytisins

Eftirtaldir stofnanir hafa skilað stöðuskýrslu: Fjölmeningarsetur, Umboðsmaður skuldara, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þekkingar og þjónustumiðstöð blindra og Barnaverndarstofa.

Staða flestra stofnana ráðuneytisins er góð, starfsfólk vinnur mest heima og sinnir þjónustu í gegnum síma og tölvu eftir því sem hægt er. Helstu áskoranir, enn sem komið er, eru forföll starfsfólks meðferðarheimila.

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Eftirtalin sveitarfélög og byggðasamlög um félagsþjónustu hafa sent stöðuskýrslu til Sambands íslenskra sveitarfélaga: Akraneskaupstaður, Akureyri, Bolungarvíkurkaupstaður, Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Fljótshálsa, Félagsþjónusta Austur Húnavatnssýslu, Félagsþjónusta Rangárvalla og V-Skaft, Garðabær, Hafnarfjörður, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Reykjavík, Seltjarnarnesbær, Suðurnesjabær, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Skagafjörður, Vestmannaeyjabær og Vesturbyggð.

Staðan hjá flestum sveitarfélögum virðist enn ágæt, flest hafa virkjað viðbragðsáætlanir og forgangsraða nú þjónustu við viðkvæma hópa. Aðstæður eru krefjandi hjá sumum sveitarfélögum þar sem illa gengur að manna stöður vegna forfalla, bæði út af COVID-19 og almennra flensueinkenna. Sum sveitarfélög hafa markvisst hringt í eldri borgara til að kanna stöðu þeirra það hefur verið áskorun að tryggja forgang fyrir börn í leik- og grunnskóla fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Á landsbyggðinni eru sums staðar áhyggjur af félagsþjónustu og barnavernd en algengara er að þær áhyggjur lúti að búsetu- og stuðningsþjónustu.

Sóttkví hjá öllum nemendum Klettaskóla í síðustu viku hefur verið áhyggjuefni þar sem um er að ræða þjónustu við börn, oft með miklar stuðningsþarfir. Sveitarfélög barnanna hafa verið að skoða leiðir til að þjónusta fjölskyldur þeirra með öðrum hætti.

Aðrir sem sinna þjónustu

Eftirtaldir aðilar hafa skilað stöðuskýrslu: Ás styrktarfélag, Krýsuvík, Sólheimar, Skálatún, Heimilisfriður, Bjarkarhlíð, Stígamót, Bergið headspace, ADHD samtökin, Geðhjálp, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn.

Staða þessara aðila er almennt góð. Helstu áskoranirnar eru fólgnar í því að geta veitt þjónustu fyrir sem flesta með þeim takmörkunum sem eru í gildi á hverjum tíma. Flestir þessir aðilar eru að nýta rafrænar lausnir og símaþjónustu þar sem hægt er. Áhyggjur eru af fyrirsjáanlegum skorti á starfsfólki ef smit breiðist út.

Ábendingar frá hagsmunaaðilum og öðrum

Ábendingar hafa borist um að margt fatlað fólk sé óöruggt og hafi áhyggjur af mögulegri takmörkun á þjónustu sem þau eru sum hver háð í daglegu lífi. Sérstakar áhyggjur hafa þá verið viðraðar vegna málefna barna og barnaverndar, m.a. ofbeldis á heimilum, vegna ástands í samfélaginu. Þekkt er að slíkar aðstæður geti skapað aukna hættu fyrir viðkvæma hópa barna. Ítrekað hefur verið að tryggja þurfi greiðan aðgang að stuðningi og aðstoð, t.d. með sérstakri símalínu. Þá hefur verið bent á að við lokun úrræða eins og t.d. á vegum Hjálpræðishersins þá hefur sá viðkvæmi hópur jaðarsettra nú engan stað til að koma á, fær e.t.v. litlar upplýsingar og á erfitt með að ná endum saman. Á þetta sérstaklega við um fólk af erlendum uppruna.

Samantekt

Ljóst er að mörg sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir eru uggandi yfir stöðunni, sérstaklega hvað varðar brýna þjónustu s.s. búsetu- og stuðningsþjónustu. Nú þegar skortir starfsfólk á nokkrum stöðum en því hefur hingað til verið bjargað, meðal annars með aðkomu bakvarðasveitarinnar. Ef veikindum fjölgar, getur það skapað alvarlegar hindranir í þjónustu við viðkvæma hópa.

Það er enn fremur áhyggjuefni, ef fólk treystir sér ekki til að starfa með smituumum því ljóst er að allir hópar samfélagsins geta smitast. Nokkuð stór hluti starfsmanna í búsetu- og stuðningsþjónustu er ófaglærður auk þess sem margir starfsmenn hafa BA próf á öðru sviði en sem tengjast heilbrigðis- eða félagsþjónustu. Þarna skilur því á milli starfsfólks í heilbrigðisþjónustu sem hefur þekkingu á sóttvörnum og starfsfólks í velferðarþjónustu sem hefur ólíkan bakgrunn og oft ekki með þekkingu á sóttvörnum.

Aðgerðir og viðbragð

Ákveðið var að þýða skráningarform bakvarðasveitar á ensku og pólsku til að nýta allan mannafla sem er reiðubúinn til að vera liðsauki í velferðarþjónustu. Opnað verður á þýdd skráningarform á heimasíðu ráðuneytisins 25. mars nk.

Ráðinn hefur verið félagsráðgjafi til að hringja í einstaklinga sem hafa skráð sig á lista bakvarðasveitarinnar. Markmiðið er að kortleggja hve margir eru raunverulega tilbúnir að hefja

störf og einnig til að fá lista yfir aðila sem treysta sér til að starfa í krefjandi aðstæðum þar sem upp hafa komið smit.

Búið er að þýða covid.is vefinn á ensku og pólsku. Textinn hefur einnig verið þýddur á spænsku, arabísku, kúrdísku, persnesku, tælensku og litháensku og er unnið að því að koma þeim þýðingum í loftið.

Gefnar hafa verið út almennar leiðbeiningar fyrir búsetukjarna í tengslum við COVID-19 sem unnar voru af velferðarsviði Reykjavíkurborgar, almannavörnum og yfirlesnar af Embætti landlæknis.

Í samvinnu við sveitarfélög er unnið að aðgerðum sem geta gripið og stutt við fötluð börn og fjölskyldur þeirra þegar skóla- og frístundaþjónusta skerðist.

Stefnt er að því að setja af stað fyrirbyggjandi aðgerðir vegna ofbeldis gegn börnum sem miða að almenningi, börnunum sjálfum og foreldrum og tryggja möguleika á aðstoð fyrir þá sem á þurfa að halda.

Unnið er að því að tryggja að greiður aðgangur sé að stuðningi og aðstoð vegna álags, streitu, ofbeldis, vanlíðan eða annarra orsaka á þessum fordæmalausu tímum.

Sveitarfélögin hafa óskað eftir að kannað verði hvort unnt sé að koma á fót teymi lækna og hjúkrunarfólks sem geti sinnt búsetuþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við COVID-19. Félagshjónustan hefði þá beint aðgengi að teyminu, sem byggir yfir sérhæfðri þekkingu á málefnum fatlaðs fólks, og gæti haft samband við teymið um leið og grunur kemur upp um smit.